

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðurlhafnar, lóð nr. 24 við Óseyrarbraut.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum 20. október 2022 breytingu á deiliskipulagi Suðurlhafnar, vegna lóðarinnar að Óseyrarbraut 24. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að byggingarreitir verða þrír í stað eins, nýtingarhlutfall og vegghæð hækka og heimilt byggingarmagn eykst og aðkomu að lóð er breytt. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 29. nóvember 2022 til 10. janúar 2023. Engar athugasemdir bárust, en almenn ábending barst frá Veitum. Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast breytingin þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 1. áfanga, lóð nr. 11 við Tinhellu.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum 3. nóvember 2022 breytingu á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 1. áfanga, vegna lóðarinnar að Tinhellu 11. Í deiliskipulagsbreytingunni felst færsla á byggingarreit og hækkun nýtingarhlutfalls. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 29. nóvember 2022 til 10. janúar 2023. Engar athugasemdir bárust, en almenn ábending barst frá Veitum. Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast breytingin þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Suðurlhafnar, lóð nr. 14 við Fornubúðir.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar 25. janúar 2023 breytingu á deiliskipulagi Suðurlhafnar, vegna lóðarinnar að Fornubúðum 14. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt í tvær lóðir, Fornubúðir 14 og 14a. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast breytingin þegar gildi.

Hafnarfirði, 27. janúar 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 10. febrúar 2023